

Mánudaginn 12. ágúst 1996.

Nr. 307/1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Gunnari Sverri Arnarsyni

(Helgi Sigurðsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. ágúst 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að sér verði ekki gert að sæta gæsluvarðhaldi lengur en til 16. ágúst nk.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hjá sóknaraðila er til rannsóknar fjöldi innbrota, sem varnaraðili er undir rökstuddum grun um að hafa átt aðild að. Varnaraðili er atvinnulaus og hefur staðfest, að hann eigi við vímuefnavanda að etja. Með hliðsjón af þessu verður fallist á það með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. ágúst 1996.

Ár 1996, mánudaginn 5. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Gunnari Sverri Arnarsyni, kt. 270964-5169, með lögheimili að Frostafold 6, en dvalarstað að Klukkurima 15, hvort tveggja í Reykjavík, verði með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 19. september nk. kl. 16. Kærði er grunaður um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Laust eftir kl. 14.30 í gær handtók lögregla kærða í húsi við Kleppsveg hér í borg, en hann hefur verið eftirlýstur frá 25. júlí sl., grunaður um aðild að fjölda innbrotsþjófnaða. Við handtöku fundust á kærða þrír munir, sem lögreglu grunar, að séu þýfi. Beinist grunur lögreglu að því, að kærði sé ásamt fleirum viðriðinn 13 innbrotsþjófnaði, sem framdir hafa verið nú í sumar í hús í Reykjavík, á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ. Er talið, að verðmæti þess, sem stolið hefur verið, nemi milljónum króna.

Kærði hefur við yfirheyrslur staðfastlega neitað aðild að innbrotsþjófnuðum þessum. Honum sé þó kunnugt um, hverjir hafi brotist inn í sum þessara húsa, en þori ekki að upplýsa, hverjir hafi verið þar að verki. Muni þá, sem fundust á honum við handtöku, kveðst hann hafa keypt.

Meðal rannsóknargagna málsins er skýrsla konu, sem kveðst vera fyrrum sambýliskona kærða og kærði kveður vera unnustu sína. Í skýrslunni kemur fram, að konunni sé kunnugt um, að undanfarnar vikur hafi kærði og félagi hans staðið í ýmsu misjöfnu og borið inn á heimili hennar alls kyns þýfi, svo sem myndavélar, skartgripir og fleira. Jafnframt greinir hún frá því, að hún hafi vitað, að kærði og þessi félagi hans hafi verið „á fullu í innbrotum“. Hún viti þó ekki, hvar þeir hafi verið að brjótast inn.

Kærði hefur skýrt frá því, að hann sé atvinnulaus og eigi við vímuefnavanda að etja. Hann hefur þó neitað því, að hann fjármagni vímuefnaneyslu sína með afbrotum.

Hjá embætti ríkissaksóknara eru til meðferðar mál á hendur kærða. Eitt þeirra varðar innbrotsþjófnað í skartgripaverslun hér í borg í febrúarmánuði sl., þar sem stolið var munum að verðmæti rúmar fimm milljónir króna. Kærði hefur játað þennan innbrotsþjófnað.

Þrátt fyrir staðfasta neitun kærða um aðild að innbrotsþjófnuðum þeim, sem raktir eru í greinargerð RLR, benda gögn málsins til, að kærði eigi þar hlut að máli með einhverjum hætti. Ætla má, að kærði geti torvelað rannsókn málsins, svo sem með því að skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka, fari hann frjáls ferða sinna. Þykir því verða að fallast á, að kærði sæti gæsluvarðhaldi á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Sem fyrr segir, á kærði ólokið málum, sem eru til meðferðar hjá embætti ríkissaksóknara, og varðar eitt þeirra innbrotsþjófnað, þar sem stolið var verðmætum að fjárhæð fimm milljónir króna. Af þeim sökum ber einnig að fallast á gæsluvarðhald á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þykir rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, eins og krafist er, þ. e. til fimmtudagsins 19. september nk. kl. 16.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Gunnar Sverrir Arnarson, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 19. september nk. kl. 16.
